

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 452/2000 um stjórn hreindýraveiða.

1. gr.

2. mgr. 6. gr. orðast svo:

Hreindýraráð skiptir veiðiheimildum eftir ágangssvæðum með hliðsjón af ágangi hreindýra, að fengnum tillögum Náttúrustofu Austurlands. Með ágangssvæði er átt við nánar skilgreint svæði, þar sem ágangur hreindýra er svipaður á öllu svæðinu. Veiðitími er frá 1. ágúst til 15. september ár hvert. Hreindýraráð getur þó heimilað veiðar á törfum frá 15. júlí. Ef ekki tekst á veiðitímanum að veiða nægilega mörg dýr til þess að stofnstærð verði innan fyrirhugaðra marka getur umhverfisráðherra heimilað hreindýraráði veiðar í nóvember og desember. Arður af þeim veiðum rennur til hreindýraráðs. Umhverfisráðherra getur í vísindaskyni heimilað veiðar utan veiðitíma að fenginni umsögn hreindýraráðs og veiðistjóra.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 14. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með breytingum nr. 100/2000 og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 12. júlí 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigrún Ágústs dóttir.

15. júlí 2002

Nr. 489

GJALDSKRÁ

fyrir Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda.

1. gr.

Vinna fyrir einstaklinga eða fyrirtæki við áætlanagerð, ráðgjöf, úttektir, matsgerðir, vottorð og ýmsa aðra sérhæfða vinnu, að hámarki, pr. klst. kr. 3.000.

2. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. gr.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. júlí 2002.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.